

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 1992

Nr. 417

830

2. desember 1992

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Kögurgrunni.

1. gr.

Frá og með 4. desember 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°00'N – 23°25'5V
2. 66°57'N – 23°21'V
3. 66°50'N – 23°30'V
4. 66°50'N – 24°30'V
5. 66°52'N – 24°30'V
6. 67°00'N – 23°50'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. desember 1992.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.